# SAMGÖNGUÁÆTLUN

Tillögur til þingsályktunar um:

STEFNUMARKANDI ÁÆTLUN 2011-2022
VERKEFNAÁÆTLUN 2011-2014

Fréttamannafundur innanríkisráðherra
14. desember 2011

# Nýjar áherslur samgönguáætlunar

- Landið ein heild og svæðisskipt

    Ein heild:

    Samgöngur á landi, í lofti og á sjó







# Nýjar áherslur samgönguáætlunar

- Aukin áhersla á almenningssamgöngur:
    - Innan landshluta
    - Milli landshluta



# Nýjar áherslur samgönguáætlunar

- Áhersla á verkefni á landsvæðum sem í dag búa við lakastar samgöngur

- Raunsæi og fyrirhyggja í fjármálum



# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stefnumarkandi tillaga skiptist í þrjá kafla:
  1. Stefnumörkun, framtíðarstefna um hvert hinna fimm lögbundnu meginmarkmiða.
  2. Skilgreining á grunnneti samgangna.
  3. Áætlun um fjáröflun, útgjöld og helstu framkvæmdir.

  Tillögunni fylgir ítarleg greinargerð.

  Á vefsvæði samgönguáætlunar eru auk þess ýmisleg viðbótargögn, m.a. umhverfismat tillögu að samgönguáætlun, niðurstöður samráðsfunda í öllum landshlutum og skýrslur starfshópa samgönguráðs.

  http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/samgonguaaetlun/

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Fjárhagsrammi:
  - Óbreyttur fjárhagsrammi frá 2012 til 2014 fyrir utan 1 mia. kr. árlegt framlag í rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess.
  - Framlög til samgangna aukast frá og með 2015 um 3% á ári í samræmi við hagvaxtarspá.
  - Vestmannaeyjaferja og jarðgangagerð eru utan fjárhagsramma, fjármagna þarf þau verkefni sérstaklega.

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Helstu áherslubreytingar frá tillögu að samgönguáætlun 2007-2018:
  - Markmið um **greiðar samgöngur:**
    Markmið um hámark ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins er lagt til hliðar. Áhersla er lögð á styttri ferðatíma til næsta atvinnu- og þjónustukjarna. Þá er áhersla á að bæta greiðfærni þar sem hún er hvað verst s.s. á sunnanverðum Vestfjörðum.
  - Aukinn þungi er lagður á greiðari samgöngur með öðrum ferðamátum en einkabíl, einkum í þéttbýli.

  - Markmið um **hagkvæmar samgöngur:**
    Aukin áhersla er lögð á aukna hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins, að meta samfélagslegan kostnað og ávinning framkvæmda, auk þess að auka hagkvæmni notenda kerfisins.

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Helstu áherslubreytingar frá tillögu að samgönguáætlun 2007-2018:
  - Markmið um **umhverfislega sjálfbærar samgöngur:**
    Aukin áhersla er lögð á umhverfismál. Stefnt er að breyttum ferðavenjum, orkusparnaði og notkun umhverfisvænni orkugjafa fyrir samgöngutæki.
  - Markmið um **öryggi í samgöngum:**
    Meta á áhrif þess að taka formlega upp svokallaða „núllsýn" í umferðaröryggis-málum og bera hana saman við aðrar leiðir sem þær þjóðir hafa farið er fremst standa í öryggismálum.
  - Markmið um **jákvæða byggðaþróun:**
    Áhersla er lögð á samþættingu samgönguáætlunar við aðrar áætlanir í þeim tilgangi að efla einstök atvinnu- og þjónustusvæði.

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

## Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða og innan þéttbýlis verða efldar.

–Landshlutasamtök sveitarfélaga taki yfir almenningssamgöngur á landi sem hingað til hafa verið ríkisstyrktar. Þannig verði þjónusta færð að þörfum samfélagsins og almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða í hverjum landshluta efldar með grenndarstjórnsýslu og bættri nýtingu fjármagns.

–Unnið verði tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og SSH. Ríkið skuldbindi sig til að leggja fjármagn í rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess í tíu ára tilraunaverkefni ef á móti koma skuldbindingar sveitarfélaga um mótframlag, markvissar stuðningsaðgerðir og sátt um frestun stórra vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu.
Framlag ríkisins verði af stærðargráðunni 1.000 m.kr. á ári. Meginmarkmiðið verði a.m.k. að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu.

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

## Flugmál

- Keflavíkurflugvöllur
  - Á Keflavíkurflugvelli eru innheimt þjónustugjöld sem standa þurfa undir rekstri flugvallarins og framkvæmdum.
- Innanlandskerfi flugvalla
  - Ríkissjóður greiðir um 70% af rekstrarkostnaði. Notendagjöld þurfa að standa undir öðrum kostnaði og framlög til framkvæmda koma úr ríkissjóði.
  - Vegna fjárþarfar til viðhalds núverandi innanlandskerfis er gert ráð fyrir hækkun gjalda á Reykjavíkurflugvelli, þau verði hliðstæð gjöldum á Keflavíkurflugvelli. Reykjavíkurflugvöllur verði fjárhagslega sjálfbær.
  - Framlag ríkisins verði nýtt á öðrum flugvöllum og gjöldum þar haldið í lágmarki.
- Gert er ráð fyrir stækkun og byggingu flugstöðva á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli sem fjármagnaðar yrðu með sjálfsaflafé.

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

## Siglingamál

- Skv. hafnalögum mun ríkisstyrktum verkefnum við hafnargerð fækka frá og með árinu 2013. Framlög til stofnkostnaðar fara því lækkandi.
- Á áætlunartímabilinu kann að þurfa að byggja hafnarmannvirki fyrir notendur með „sérþarfir“, svo sem stóriðju eða annan verksmiðjurekstur. Engir fjármunir eru ætlaðir úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda enda við það miðað að notendagjöld standi undir byggingu og rekstri slíkra mannvirkja.
- Áætlaður kostnaður við smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju er yfir 4 mia. kr. Kannaður verður sá kostur að bjóða rekstur ferjunnar út og að rekstraraðili útvegi skip. Að öðrum kosti þarf að gera ráð fyrir sérstöku ríkisframlagi til ferjusmíði á árunum 2012-2015.
- Unnið er að útboðsgögnum fyrir tilraunaverkefni með strandsiglingar en fjármagna þarf verkefnið sérstaklega.

## Tekjur og framlög til samgönguáætlunar 2011-2022 eru um **296 mia. kr**. þar af um **240 mia. kr.** til vegamála.

### 3.3.2 Vegagerðin

**Tekjur og framlög**

| *Verðlag fjárlaga 2012. (v.v.15100)* *Fjárhæðir eru í m. kr.* | **1. tímabil 2011-2014** | **2. tímabil 2015-2018** | **3. tímabil 2019-2022** | **Samtals 2011-2022** |
|---|---|---|---|---|
| **Markaðar tekjur** | | | | |
| Bensíngjald | 30.804 | 32.729 | 34.515 | 98.048 |
| Þungaskattur km-gjald | 2.975 | 3.261 | 3.461 | 9.697 |
| Olíugjald | 27.557 | 30.452 | 32.789 | 90.798 |
| Leyfisgjöld flutninga | 16 | 16 | 16 | 48 |
| Leyfisgjöld leigubifreiða | 24 | 24 | 24 | 72 |
| Viðskiptahreyfingar | -404 | -220 | -220 | -844 |
| **Markaðar tekjur samtals** | **60.972** | **66.262** | **70.585** | **197.819** |
| Framlag til innanlandsflugs | 754 | 760 | 760 | 2.274 |
| Ríkisframlag Vestfirðir | 350 | | | 350 |
| Annað ríkisframlag | 523 | | 4.089 | 4.612 |
| Framl.v/alm. samg. höfuðb.svæði | 2.200 | 4.000 | 4.000 | 10.200 |
| Framlag v. jarðganga | 125 | 10.500 | 12.500 | 23.125 |
| Framlag vegna Vestmannaeyjaferju* | | | | |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **3.952** | **15.260** | **21.349** | **40.561** |
| **Greitt úr ríkissjóði samtals** | **64.924** | **81.522** | **91.934** | **238.380** |
| | | | | |
| **Til ráðstöfunar alls** | **64.924** | **81.522** | **91.934** | **238.380** |

*Áætlaður kostnaður við smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju er yfir 4 mia.kr. Kannaður verður sá kostur að bjóða rekstur ferjunnar út og að rekstraraðili útvegi skip. Að öðrum kosti þarf að gera ráð fyrir sérstöku ríkisframlagi til ferjusmíði á árunum 2012-2015.

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stærstu vegaframkvæmdir sem á að **ljúka** á tímabilinu (> 1.000 m.kr.)

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2011-2014 | 2015-2018 | 2019-2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | um Hornafjarðarfljót | 4.000 | | 1.000 | 3.000 |
| 1 | norðaustan Selfoss, brú á Ölfusá | 4.000 | | | 4.000 |
| 1 | Selfoss-Hveragerði | 2.700 | | 2.000 | 700 |
| 1 | um Hellisheiði | 2.000 | 1.100 | 900 | |
| 1 | vestan Litlu kaffistofu | 1.028 | 1.028 | | |



# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stærstu vegaframkvæmdir sem á að **ljúka** á tímabilinu (> 1.000 m.kr.)

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2011-2014 | 2015-2018 | 2019-2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| 41 | Reykjanesbraut, sunnan Hfj. | 6.000 | | 1.800 | 4.200 |
| 415 | Álftanesvegur | 1.100 | 1.100 | | |
| | Bætt umferðarflæði á SV-svæði, almenningssamg. | 2.200 | 800 | 700 | 700 |
| | Öryggisaðgerðir á SV-svæði | 1.300 | 500 | 400 | 400 |
| | Hjóla- og göngustígar á SV-svæði | 2.550 | 850 | 850 | 850 |
| | Göngubrýr, undirgöng á SV-svæði | 1.200 | 400 | 400 | 400 |






# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stærstu vegaframkvæmdir sem á að **ljúka** á tímabilinu (> 1.000 m.kr.)

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2011-2014 | 2015-2018 | 2019-2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | um Borgarnes | 1.300 | | | 1.300 |
| 60 | um Gufudalssveit | 3.200 | | 3.200 | |
| 60 | Eiði-Kjálkafjörður | 3.200 | 3.200 | | |






# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stærstu vegaframkvæmdir sem á að **ljúka** á tímabilinu (> 1.000 m.kr.)

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2011-2014 | 2015-2018 | 2019-2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Jökulsá á Fjöllum | 1.000 | 50 | 950 | |
| 862 | Dettifossvegur | 1.800 | 1.200 | 600 | |
| | Tengivegir um land allt, malbik | 5.880 | 1.880 | 2.000 | 2.000 |







INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stærstu vegaframkvæmdir sem á að **hefja** á 3. tímabili (> 1.000 m.kr.)

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2019-2022 |
|---|---|---|---|
| 1 | um Lón | 2.900 | 500 |
| 1 | breikkun brúa á Suðurlandi | | 1.000 |
| 1 | Þingvallavegur-Kollafjörður | 2.500 | 500 |
| 1 | Kollafjörður-Hvalfjarðarvegur | 3.100 | 500 |









# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Stærstu vegaframkvæmdir sem á að **hefja** á 3. tímabili (> 1.000 m.kr.)

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2019-2022 |
|---|---|---|---|
| 60 | Dynjandisheiði | 4.500 | 1.600 |
| 74 | Skagastrandarvegur | 1.300 | 100 |
| 85 | um Skjálfandafl. og Tjörn | 1.370 | 100 |
| 85 | Þistilfjörður-Vopnafjörður | 2.400 | 1.150 |
| 96 | Suðurfjarðavegur | 2.100 | 1.000 |
| 939 | Axarvegur | 2.300 | 300 |












# Stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022

- Jarðgangaáætlun, helstu framkvæmdir sem á að **ljúka** á tímabilinu

| nr. | Kaflaheiti | Kostnaður | 2011-2014 | 2015-2018 | 2019-2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| 60 | Hjallahálsgöng* | 5.000 | | | 5.000 |
| 61 | Dýrafjarðargöng | 7.500 | | | 7.500 |
| 92 | Norðfjarðargöng | 10.500 | | 10.500 | |

*ef ekki verður önnur láglendisleið fyrir valinu.






# Rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefni 2011-2014

| Nr. | Verkefni | Ábyrgðaraðili | Samstarfsaðilar |
|---|---|---|---|
| 1 | Atvinnu- og þjónustukjarnar og samgöngumiðstöðvar<br>- skilgreining | - | Landshlutasamtök sveitarfélaga og Skipulagsstofnun |
| 2 | Flutningaleiðir<br>- skilgreining | Vegagerðin | Samtök verslunar og þjónustu |
| 3 | Almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða<br>- yfirfærsla til landshlutasamtaka | Vegagerðin | Landshlutasamtök sveitarfélaga |
| 4 | Framtíð innanlandsflugs<br>- félagshagfræðileg úttekt | Isavia | Byggðastofnun, Ferðamálastofa |
| 5 | Framtíð Reykjavíkurflugvallar<br>- viðræður við Reykjavíkurborg | Isavia | Reykjavíkurborg |
| 6 | Skipulag landnotkunar og samgangna<br>- aukin samvinna | Vegagerðin | Landshlutasamtök sveitarfélaga og Skipulagsstofnun. |
| 7 | Vöruflutningar<br>- rannsóknir á þjóðhagslegri hagkvæmni flutningsmáta | SÍ og Vg. | Efnahags- og viðskipta-ráðuneyti og fjármálaráðuneyti. |
| 8 | Félagshagfræðilegt mat í forgangsröðun framkvæmda<br>- þróun og innleiðing | Isavia, SÍ og Vg. | – |
| 9 | Uppbygging vegakerfisins<br>- formlegt verklag við ákvarðanir | Vegagerðin | – |
| 10 | Þungatakmarkanir á vegum<br>- samfélagslegur kostnaður og ábati endurbóta | Vegagerðin | Samtök verslunar og þjónustu. |

# Rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefni 2011-2014

| Nr. | Verkefni | Ábyrgðaraðili | Samstarfsaðilar |
|---|---|---|---|
| 11 | Samgöngukostnaður<br>- greining og gagnsæ verðlagning | Isavia, SÍ, US og Vg. | - |
| 12 | Upplýsingasöfnun og - miðlun<br>- tekjur og kostnaður vöru- og fólksflutninga á hverja einingu | Isavia, SÍ, US og Vg. | Hagstofan |
| 13 | Eignastýring samgöngukerfisins<br>- greining áhrifa og ávinnings | Isavia, SÍ og Vg. | - |
| 14 | Breytt skipan gjaldtöku á vegum<br>- greining kosta og galla | Vegagerðin | - |
| 15 | Álagstoppar í umferð - hliðrun starfstíma<br>- greining og tillögugerð | Vegagerðin | Opinberar stofnanir, sveitarfélög innan SSH og Strætó bs. |
| 16 | Loftslagsmál: Framfylgd aðgerðaáætlunar stjórnvalda<br>- aðgerðaáætlun á öllum sviðum samgangna | FMS, SÍ og Vg. | – |
| 17 | Sjálfbærar samgöngur<br>- áætlun með áherslu á almenningssamgöngur, göngu og hjólreiðar unnin í samvinnu við sveitarfélög | Vegagerðin | Sveitarfélög með yfir 5 þús. íbúa byggðakjarna (höfuðborgarsvæðið, Akranes, Akureyri, Keflavík/Njarðvík og Selfoss) |
| 18 | Loftgæði og umferðarhávaði<br>- aðgerðaáætlun | Vegagerðin | Sveitarfélög með yfir 10 þús. íbúa byggðakjarna (höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Keflavík/Njarðvík) |
| 19 | Almenningssamgöngur á SV-svæði<br>- 10 ára tilraunaverkefni | Vegagerðin | SSH og Strætó bs. með aðkomu SSV, SASS og SSS. |
| 20 | Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess<br>- Rannsóknar- og þróunarverkefni sbr. tillögur starfshóps samgönguráðs | Vegagerðin | SSH, SSV, SASS, SSS og Strætó bs. |

# Rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefni 2011-2014

| Nr. | Verkefni | Ábyrgðaraðili | Samstarfsaðilar |
|---|---|---|---|
| 21 | Innkaupastefna ríkisins<br>- vistvæn innkaup í akstri og ökutækjum | Vegagerðin | Stjórnarráðið |
| 22 | Samgöngustefna stofnana og fyrirtækja<br>- stefnumótun, fordæmi og hvatasamstarf | IRR | Stjórnarráðið |
| 23 | Flugvellir<br>- verklag um grænt aðflug/brottflug og vottun umhverfisstjórnunarkerfa | FMS og Isavia | |
| 24 | Hafnir<br>- landtenging rafmagns | Siglingastofnun | Stærri hafnir |
| 25 | Miðlæg stýring umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu<br>- innleiðing, möguleikar stýritölvu fullnýttir | Vegagerðin | Sveitarfélög innan SSH. |
| 26 | Umhverfissvæði: Aukin staðbundin loftgæði<br>- lagabreytingar | IRR | Stærri sveitarfélög |
| 27 | Svifryk á framkvæmdasvæðum<br>- aðgerðagreining | IRR | Umhverfisstofnun |
| 28 | Öryggi<br>- aðgerðaáætlanir á hverju sviði samgangna | FMS, Isavia, SÍ, US og Vg. | Ríkislögreglustjóri |
| 29 | Núllsýn í umferðaröryggismálum<br>- rannsóknir | US og Vg. | Ríkislögreglustjóri |